

Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Flatnefsstaða, Vatnsnesi



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/205

Forsíðumynd: Varnargarður frammi á klettum nyrst í landi Flatnefsstaða. Ljósm. MHH.




© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2018/205

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðafræði	5
Flatnefsstaðir – söguágrip	6
Skrá yfir fornleifar	6
Niðurstöður	14
Heimildaskrá	15
Hnitatafla	16

Inngangur



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir legu minja sem skráðar voru á deiliskipulagssvæðinu.

Selasetur Íslands fór þess á leit við Byggðasafn Skagfirðinga að það tæki að sér skráningu fornleifa í landi Flatnefsstaða á Vatnsnesi vegna fyrirhugaðs deiliskipulags á hluta jarðarinnar. Ætlunin er að koma upp aðstöðu til selaskoðunar og annarrar útivistar.

Flatnefsstaðir liggja utanvert á vesturströnd Vatnsness um 30km norðan Hvammstanga. Við skráninguna lágu hvorki fyrir útmörk skipulagssvæðisins eða lega væntanlegra mannvirkja og því var allt land jarðarinnar neðan (norðan) þjóðvegjar skráð á vettvangi. Svæðið var um 3,8km² að stærð og afmarkað sunnan til af þjóðvegi, sjó að norðan, landamerkjum við Tjörn að vestan og Saurbæ að austan. Bæjarstæði Flatnefsstaða og tún eru ofan vegar og því utan svæðisins.

Farnar voru tvær vettvangsferðir í Flatnefsstaði, 29. maí 2018 og 8. júní 2018. Að vettvangsskráningu komu Margrét Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga, fornleifafræðingar og Bryndís Zoëga, landfræðingur. Skýrslugerð var í höndum Guðnýjar.

Landeigendum Flatnefsstaða eru þakkaðar veittar upplýsingar og leyfi til að fara um svæðið.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 1950

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...]

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu. “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær varnargarður við sjó raðnúmerið og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar (1950-1). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. framkvæmdum eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þar sem umfang og gerð væntanlegra göngustíga og mannvirkja lágu ekki fyrir voru allar minjar metnar í hættu vegna væntanlegra framkvæmda.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir af minjasvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Flatnefsstaðir – söguágrip

Flatnefsstaðir eru gömul jörð, en þeirra er fyrst getið í rekaskrá Þingeyraklausturs frá 1250 (Dipl. Isl. I, bls. 580). Í jarðabók frá 1705 (bls. 158) eru Flatnefsstaðir metnir 16 hundruð og jörðin hefur sama dýrleika í jarðatali 1847 (bls. 226). 1705 er jörðin í Vestara Hóps hreppi en 1847 í Þverárhreppi. Í manntali 1703 er einungis ein kona skráð til heimilis á Flatnefsstöðum en í næsta manntali 1816 búa fimm manns þar (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands). Í jarðabók 1705 (bls. 159): heimræði er frá vordögum til jóla en lendíng slæm; engin ganga hér aðtökuskip en í betra lagi er til fiskjar komið og þó lángrætt.“ Nytja af selkópaveiðum og viðarreka er getið bæði í jarðabók og í fasteignamati frá 1916-18 (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands).

Jörðin fór í eyði á fimmta áratugi 20. aldar og hefur ekki verið byggð síðan. Þar eru nú engin uppistandandi hús.

Skrá yfir fornleifar

Flatnefsstaðir 1950-1

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Við vík við sjóinn, líklega svokallaðan Ytri-Djúpabás, eru tvær grjóthleðslur frammi á háum bökkum ofan fjöru. Hleðslurnar liggja í boga fyrir víkina til norðurs og suðurs en bil er á milli þeirra í austanverðri vikinni og því eru þeir skráðir í sitt hvoru lagi.

Lýsing

Nyrðri hleðslan liggur í boga frá suðausturbakka klettanna til norður og norðvesturs. Hún er um 80m löng og um metra breið. Hleðslan er mjög hrunin og er um 70cm þar sem hún er hæst.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan hefur verið til að varna því að sauðfé færi sér að voða frammi á bökkum sem eru mjög brattir.



Mynd 2. Varnargarður [1950-1] á bakka norðan víkunnar. Ljós. MHH.



Mynd 3. Varnargarður [1950-2] á bakka sunnan vikurinnar. Horft til norðvesturs. Ljós. MHH.

Flatnefsstaðir 1950-2

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Úti við sjóinn, líklegasvokallaðan Ytri-Djúpabás eru tvær grjóthleðslur frammi á háum klettum ofan fjöru. Hleðslurnar liggja í boga fyrir víkina til norðurs og suðurs en bil er á milli þeirra í austanverðri víkinni og því eru þeir skráðir í sitt hvoru lagi.

Lýsing

Syðri hleðslan liggur í boga frá suðausturbakka klettanna til vesturs og svo norðvesturs. Hún er 67m löng og um metra breið. Hleðslan er mjög hrúnn en þó stendur hleðslan enn syðst og er þar um metri á hæð.

Flatnefsstaðir 1950-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/niðurgröftur

Staðhættir

Rétt um fjóra metra norður af bíslóðanum til Kálfavíkur og um 70m norður af Vörðukletti er óglögg tóft eða niðurgröftur.

Lýsing

Lág hleðsla liggur í hálfboga og er opin mót austri. Alls er hún um 13m löng en aðeins 20cm há þar sem hæst. Gæti verið leifar tóftar eða niðurgraftar en erfitt að fullyrða sökum jarðvegseyðingar.



Mynd 4. Óglögg tóft eða niðurgröftur [1950-3]. Horft í norðvestur. Ljós. MHH.

Flatnefsstaðir 1950-4

Sérheiti: Vörðuklettur

Hlutverk: Kennimark


Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Flatnefsstaða (bls. 1) segir: „Syðst í þeim [Flatnefsstaðahöfðum] er Hestklettur (merki), þá nokkru utar ofan vegar **Vörðuklettur**, litlu utar Einbúi, en niður frá þeim Stekkjarklettur.“ Vörðuklettur liggur fast austan vegslóðans niður í Kálfavík. Tvær vörður eru á klettunum.

Lýsing

Vestari varðan er einungis grjóthruga, um 50cm há.



Mynd 5. Hrunin varða [1950-4] á Vörðukletti. Ljós. MHH.



Mynd 6. Varða [1950-5] á vörðukletti. Horft í norður. Ljós. MHH.

Flatnefsstaðir 1950-5

Sérheiti:

Hlutverk: Kennimark


Tegund: Varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Flatnefsstaða (bls. 1) segir: „Syðst í þeim [Flatnefsstaðahöfðum] er Hestklettur (merki), þá nokkru utar ofan vegar **Vörðuklettur**, litlu utar Einbúi, en niður frá þeim Stekkjarklettur.“ Vörðuklettur liggur fast austan vegslóðans niður í Kálfavík. Tvær vörður eru á klettunum.

Lýsing

Austari varðan er mun stæðilegri og betur hlaðin. Hún er um 1,2m á hæð og ferköntuð að lögun, um 50cm á kant.



Mynd 7. Yfirlitstekning af minjum við Stekkjarkletta.

Flatnefsstaðir 1950-6

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Flatnefsstaða (bls. 1) segir: „Syðst í þeim [Flatnefsstaðahöfðum] er Hestklettur (merki), þá nokkru utar ofan vegar Vörðuklettur, litlu utar Einbúi, en niður frá þeim **Stekkjarklettur**.“ Fast upp við suðurhlið Stekkjarklettur eru tvær tóftir. Nyrðri tóftin er af stekk en sú syðri virðist vera rétt.

Lýsing

Kletturinn myndar hluta af norðurhlið tóftarinnar. Suðaustur



Mynd 8. Horft til norðurs yfir tóft, mögulega rétt [1950-6] við Stekkjarkletta.

hluti tóftarinnar er greinilegri og er myndaður af lágum vegg, rétt um 50cm þar sem hún er hæst og um 80cm breiðum. Tóftin er gróin grasi en grjót sést þó enn í hleðslu. Hún liggur norðvestur-suðaustur um 5m að lengd og um 2,5m að breidd að innanmáli. Óglögg framhald suður langveggjar er þó sýnilegt til norðvesturs og hefur heildarlengd tóftarinnar þá verið um 10m. Hlið hefur verið í hana uppi við klettinn norðvestan til. Tóftin virðist einungis hafa verið eitt hól og

Flatnefsstaðir 1950-7

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Flatnefsstaða (bls. 1) segir: „Syðst í þeim [Flatnefsstaðahöfðum] er Hestklettur (merki), þá nokkru utar ofan vegar Vörðuklettur, litlu utar Einbúi, en niður frá þeim **Stekkjarklettur**.“ Fast upp við suðurhlið Stekkjarklettar eru tvær tóftir. Austari tóftin virðist hafa verið rétt, en sú vestari er augljóslega stekkur.

Lýsing

Stekkjartóftin er hlaðin upp við suðurvegg Stekkjarkletta og myndar kletturinn norður langvegg hennar. Stekkurinn hefur legið í dálitlum boga. Tóftin er í heildina 13m löng og 6m á breidd að utanmáli. Tóftin liggur norður-suður og er tvískipt, lambakróin sunnan til 2x4m að. Réttin hefur verið 7x5m að innanmáli og hlið hefur verið í norðvesturhorni hennar. Veggir nokkuð hrundir en þó enn stæðilegir, alls 1m að



Mynd 9. Stekkjartóft [1950-7] áföst sunnan Stekkjarkletts.. Horft til suðurs.

breidd og um 70cm á hæð. Tóftin er vaxin grasi og mosa en grjót sést enn í hleðslu.

Aðrar upplýsingar

Stekkurinn virðist yngri en stekkurinn sem liggur uppi á Stekkjarklettum [1950-11]. Um 20m til norðurs frá stekknunum er nokkuð stæðilegur leiðigarður sem hefur verið notaður til að reka í stekkin. Hluti hans er myndaður af stórgrýti sem hrunið hafa úr klettunum.



Mynd 10. Hruninn kofi eða byrgi [1950-8].
Horft í norður.

Flatnefsstaðir 1950-8

Hlutverk: Óþekkt/smalakofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 90m norður af Stekkjarkletti eru leifar hrunins kofa/byrgis á lítt gróinni klettahæð.

Lýsing

Tóftin hefur verið 3x4m að utanmáli en allt grjót var hrunið inn í hana og því ekki hægt að meta þykkt eða hæð veggja. Hleðslur virðast hafa verið fremur óverulegar og kann að vera að þarna hafi verið smalaþyngi.

Flatnefsstaðir 1950-9

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Á uppblásnum mel um 180m norðaustur af Vörðukletti er hruninn varða.

Lýsing

Varðan hefur verið hlaðin ofan á klettakoll og virðist hafa verið óvönduð smíð. Hún er alveg hrunin og ekki hægt að meta hæð eða umfang.



Mynd 11. Hrunin varða [1950-9]. Horft í suður.
Bæjarstæði Flatnefsstaða í baksýn.



Mynd 12. Kofatóft [1950-10]. Í suður.

Flatnefsstaðir 1950-10

Hlutverk: Smalakofi?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á uppblásnum mel um austur af Vörðukletti eru hleðsluleifa, mögulega leifar smákofa, e.t.v. smalakofa.

Lýsing

Lítill ferköntuð grjóthleðsla um 1,8x1,5m að utanmáli. Hún var algróin þannig að ekki var hægt að meta þykkt vegghleðslu en hleðslan var um 30cm þar sem hún var hæst.



Mynd 13. Stekkjartóft [1950-11] hlaðin milli kletta á Stekkjarklettum. Horft í norður.

Flatnefsstaðir 1950-11

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Flatnefsstaða (bls. 1) segir: „Syðst í þeim [Flatnefsstaðahöfðum] er Hestklettur (merki), þá nokkru utar ofan vegar Vörðuklettur, litlu utar Einbúi, en niður frá þeim **Stekkjarklettur**.“ Uppi á klettunum milli tveggja klettakolla er stekkjartóft.

Lýsing

Stekkurinn hefur verið hlaðinn milli tveggja klettakolla sem hafa myndað norður og suður skammhliðar hans. Í heildina var tóftin 11x5m að utanmáli. Réttin hefur verið norðan til, 8x3m að innanmáli. Hlið hefur vitað til vesturs. Innangengt hefur verið í lambakróna sem eru 2x3m að innaáli. Að auki hefur hlið verið á krónni í norðaustur horni. Stekkurinn var allur gróinn og nokkuð hruninn.

Aðrar upplýsingar

Gróðurfar og ástand hleðsla bendir til að stekkurinn kunni að vera eldri en stekkur [1950-7] og rétt [1950-6] sem liggja við suðurhlið Stekkjarkletta.

Flatnefsstaðir 1950-12

Hlutverk: Leiðigarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 20m beint norður af stekkjartóft [1950-6] sunnan Stekkjarkletta er garður sem lokað hefur af sundinu norður af Stekkjarkletti.

Lýsing

Garðurinn er í tveimur hlutum sem eru aðskildir af stórgrýti. Syðri hluti garðs er um 6m langur en nyrðri hlutinn um 18m langur. Fyrirhleðslan er í heild 27 að lengd og hefur að hluta verið mynduð af stórgrýti sem fallið hefur úr Stekkjarklettunum. Garðurinn er vel gróinn en grjót enn greinanlegt í hleðslum. Vegghleðsla er um 1m á þykkt og um 70cm þar sem hún er hæst.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan hefur haft þann tilgang að auðvelda aðrekstur að stekk [1950-7] og rétt [1950-6] við Stekkjarklett.



Mynd 14. Horft til norðurs eftir hlöðnum leiðigarði [1950-12]

Niðurstöður

Alls voru 12 minjar skráðar innan skráningarsvæðisins. Allt voru það hefðbundnar landbúnaðarleifar frá 19. og fyrri hluta 20. aldar sem víða má finna í úthögum s.s. stekkir, rétt, vörður, smalakofar og varnargarðar. Þrátt fyrir heimild um útræði frá ströndinni í jarðabók 1706 fundust engar leifar um sjósókn eða uppsátur.

Ekki lá fyrir skipulag svæðisins áður en skráningin fór fram og því eru allar minjarnar metnar í hættu vegna framkvæmda. Ef lega minjanna er tekin inn í væntanlegt skipulag má koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski. Vitneskjan um þær býður einnig upp á frekari kynningu á hvernig landnýting svæðisins var fyrrum og hvernig mannvirkin sem tengjast henni eru hönnuð, byggð og komið fyrir í landslaginu.

Komi áður óþekktar fornleifar í ljós við framkvæmdirnar ber að kynna fundinn til Minjastofnunar Íslands. Einnig ber að hafa samráð við stofnunina ef nýta skal minjar í skipulagi svæðisins.

Heimildaskrá

Diplomatarium Islandicum (Íslenskt fornbréfasafn) Hið íslenska bókmanntafélag: Kaupmannahöfn, 1876. (Dipl. Isl.)

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Húnavatnssýsla. Áttunda bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1926.

Jarðatal á Íslandi: Með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen, 1847.

Örnefnaskrá Flatnefsstaða. Helgi Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. Aðgengilegt á:

[http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=;heimili=Ei%C3%B0ssta%C3%B0ir;sysla=null;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=;heimili=Ei%C3%B0ssta%C3%B0ir;sysla=null;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816) (Skoðað þann 13. Apríl 2018).

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamat. Aðgengilegt á:

<https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Fasteignamat+1916-1918+-+yfirmat%3BH%FAnavatnss%FDsla&printNumber=0023vn> (Skoðað þann 29. maí 2018)

Tafla 1. Hnitatafla yfir minjar sem skráðar voru í landi Flatnefsstaða.

Nr.	Dags.	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
1950-1	29.5.2018	hleðsla	varnargarður	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419386	575072
1950-2	29.5.2018	hleðsla	varnargarður	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419346	575052
1950-3	29.5.2018	tóft/niðurgröftur	óþekkt	1600-1900	greinanleg	hætta	framkvæmdir	419228	574421
1950-4	29.5.2018	hleðsla	varða	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419205	574320
1950-5	29.5.2018	hleðsla	varða	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419178	574325
1950-6	8.6.2018	tóft	rétt	1600-1900	greinanleg	hætta	framkvæmdir	419124	574494
1950-7	8.6.2018	tóft	stekkur	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419110	574509
1950-8	29.5.2018	hleðsla	óþekkt/smalakofi?	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419168	574639
1950-9	29.5.2018	hleðsla	varða	1600-1900	greinanleg	hætta	framkvæmdir	419381	574415
1950-10	29.5.2018	hleðsla	smalakofi	1800-1900	greinanleg	hætta	framkvæmdir	419497	574348
1950-11	8.6.2018	tóft	stekkur	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419139	574521
1950-12	8.6.2018	hleðsla	leiðigarður	1600-1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	419108	574559